



LANDVERND

Ársskýrsla 2016-2017



Efnisyfirlit

Dropinn holar steininn 3
Innviðir ferðapjónustu byggist upp utan verndarsvæða 3
Sótt að verndarsvæði Mývatns og Laxár 4
Mývatn ver sig ekki sjálft: Skolpmál 5
Bakkalínur yfir víðerni og eldhraun 6
Umhverfismenntaverkefni FEE: Skólar á grænni grein, Græni lykillinn og Bláfáninn 8
Hreinsum Ísland – landsátak í strandhreinsun 10
Loftslagsverkefni Landverndar 11
Saman gegn matarsóun 11
Láglendisvæðing á Kili 12
Breytt skipulag í Landmannalaugum 13
Stjórn Landverndar 2016-2017 14
Starfsfólk og starfsnemar Landverndar 2016-2017 14-15
Félagsmenn nálgast 5000 15
Aukin umfjöllun 15
Græn pólitik: Þátttaka í ákvarðanatöku um umhverfismál 16
Vistheimt og landgræðsla með skólum 18
Græðum Ísland – nýtt sjálfbærliðaverkefni í landgræðslu 19
Drög að nýjum landgræðslu- og skógræktarlögum 19
Fundir og viðburðir 20
Þjóðgarð á Ströndum frekar en Hvalárvirkjun 20
Útbreiðsla lúpínu á miðhálandinu 21
Ályktanir Landverndar 2016-2017 21
Vegagerð um vernduð svæði 22
Starfsleyfi Thorsils kært 22
Of stór orkunýtingarflokkur 23
Þjóðgarður á miðhálandinu 23
Hugmyndasamkeppni um framtíð Alviðru 24
Útgáfa Landverndar 24
Framfylgd Árósasamningsins á Íslandi 25
Kærurétt vantar í lög 25
Ársreikningur ársins 2016 26
Stiklur úr starfi Landverndar 27



Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi. Innan Landverndar eru 43 aðildarfélög um allt land en auk þess eru um 4.950 einstaklingar skráðir félagar. Þessi skýrsla stjórnar var lögð fram á aðalfundi Landverndar 13. maí 2017.

Ljósmynd á forsiðu: Vindbelgjarfjall við Mývatn. Höfundur: Árni Einarsson.

Náttúruljósmyndir á bls. 3, 11 og 13: Snorri Baldursson.

Umbrot og teikningar: Dagný Reykjalín | Blek hönnunarstofa - www.blekhonnun.is

Prentun: Guðjón Ó, vistvæn prentsmiðja.



Dropinn holar steininn

Barátta fyrir náttúruvernd – græn pólitík – getur verið erfið. Þeir sem hafa hana að viðfangsefni mega búast við eilífum átökum við einstaklinga sem fara fram úr sér í framkvæmdaglegri eða hreinlega neita að fylgja reglum samfélagsins. Þeir mega eiga von á stöðugu þófi við stjórnir sveitarfélaga sem hafa túngarði að sjóndeildarhring og eiga erfitt með að sjá hag heildarinnar en líta svo á, að því er virðist, að atvinna af hvaða tagi sem er sé ævinlega af hinu góða. Og þeir mega reikna með þrotlausu aðhaldi við opinberar stofnanir sem oft láta framkvæmdaraðilann frekar en náttúruna njóta vafans og setja eftirlitskíkin fyrir blinda augað. Því eins og Guðmundur Andri Thorsson orðar það svo meistaralega: „Reglan hér á landi hefur verið þessi: þegar spurt er um hagsmuni náttúru og hagsmuni stóriðju skal stóriðjan njóta vafans, undantekningarlaust; þegar spurt er um heilsu almennings og hagsmuni stóriðju skal stóriðja njóta vafans, ævinlega. Stóriðja, verksmiðjurekstur, er nefnilega „atvinnusköpun“. Og „atvinnusköpun“ er íslenska orðið yfir „nirvana“; hið endanlega alsæluástand...“. Hér má allt að einu setja útgerð, laxeldi eða ferðapjónustu í stað stóriðju.

Um þessa baráttu Landverndar má lesa í þessari ársskýrslu og þar hefur líklega borið hæst andóf gegn lagningu háspennulína Landsnets í yfirstærð yfir eldhraun og víðerni Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Eins ber að nefna kærúmál vegna framgöngu ferðapjónustufyrirtækja við Mývatn sem komast upp með að setja niður hótélbyggingar inni á verndarsvæði Mývatns og Laxár og sinna ekki lögboðnum ákvæðum um skólphreinsun. Alltof oft bregðast eftirlitsaðilarnir og ágengir framkvæmdamenn komast upp með brot gegn náttúrunni – auglýsa svo jafnvel náttúruvernd sem sitt aðalsmerki.

Hver nennir þá að standa í náttúruvernd ef þetta er svona andsnúid, vera alltaf leiðinlegi gesturinn í partíinu, alltaf að ströggla við náungann og kerfið, alltaf að kæra? Kannski er það væntumþykja

fyrir náttúrunni eða réttlætiskennnd sem knýr okkur áfram. Dropinn holar líka steininn. Smám saman lærist framkvæmdaaðilum að vanda áform og ákvarðanatökur; að réttur náttúrunnar er ekki einungis hjóm og andóf náttúruverndarsamtaka ekki bara tuð. Um það vitna úrskurðir og dómar sem fallið hafa Landvernd í hag á starfsárinu. Eitt er víst að samfélag okkar fer sístækkandi. Samtökin telja nú um 5.000 félagsmenn og hafa aldrei verið stærri. Veltan setti líka enn eitt metið á umliðnu ári og mannauðurinn vex; hjá samtökunum vinna nú alls tíu starfsmenn í rúmum sjö stöðugildum og þakka ég þeim öllum kærlega fyrir mikið og gott framlag fyrir samtökin og náttúru landsins.

Auðvitað er það ekki svo að öll náttúruvernd sé ströggil. Sú lýsing á fyrst og fremst við um grænu pólitíkina. Innan náttúruverndarinnar er stór heimur, sem minna ber á en skiptir líklega mestu máli þegar upp verður staðið, náttúru- og umhverfismenntin; að skapa virðingu og væntumþykju fyrir náttúrunni og leiðbeina um góða umgengni við hana. Að vinna að umhverfismennt er þakklátt starf og sem betur fer snýr stærsti hluti starfsemi Landverndar að þeim þætti eins og lesa má á þessum blöðum. Í umhverfismenntinni eru fyrirferðamest alþjóðleg fræðslu- og umhverfisverndarverkefni, undir hatti Skóla á grænni grein, Bláfánans og Græna lykilsins, auk verkefna sem snúa að gróðurvernd, loftslagsmálum, matarsóun og strandhreinsun.


Undirritaður óskar náttúruverndurum og landsmönnum öllum gleðilegs sumars og þakkar samfylgdina á undanfögnu ári.

Snorri Baldursson, formaður Landverndar.

Innviðir ferðapjónustu byggist upp utan verndarsvæða

Landvernd hefur mikið látið sig varða uppbyggingu gistiaðstöðu á náttúruverndarsvæðum og á hálendi Íslands síðastliðin ár. Að mati samtakanna er lyklatríði að frekari gisting og tengd þjónusta byggist sem mest upp utan þessara verðmætu svæða. Ella er hætt við að

álag á þau aukist til muna eins og uppbygging hótela í Mývatnssveit sannar (sjá næstu síður). Á miðhálandinu eru óbyggðatöfrarnir í húfi verði uppbygging hótela og tengdrar þjónustu leyfð í meira mæli en orðið er (sjá bls 12–13).





Sótt að verndarsvæði Mývatns og Laxár

Á árunum 1969-1973 var hart deilt um s.k. Gljúfurversvirkjun í Laxá í Þingeyjasveit, en rafmagn frá henni átti m.a. að nýta fyrir atvinnulíf í Eyjafirði og víðar. Virkjunin hefði sökkt stóru landsvæði og stórspillt, ef ekki eyðilagð, vistkerfi Mývatns og Laxár. Einöð barátta heimamanna gegn virkjuninni markaði þáttaskil í náttúruverndarbaráttu á Íslandi og lög um verndun Mývatns og Laxár gengu í gildi í maí 1974 í kjölfar sáttar í Laxárdeilunni. Árið 1977 var alþjóðlegt verndargildi svæðisins staðfest er Mývatn og Laxá voru sett á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði Ramsarsamningsins, alþjóðlegs samnings um votlendisvernd, einkum þar sem fuglalíf er ríkt.

Enn sótt að Mývatni

Landvernd hefur mikið látið sig varða málefni verndarsvæðis Mývatns og Laxár á undanförunum árum. Svæðið er á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir svæði sem eru í hættu á að glata verndargildi sínu. Skolpmál í Skútustaðahreppi hafa lengi verið í ólestri. Bygging nýrra hótela eða stækkun eldri er ennþá látin viðgangast inni á verndarsvæðinu. Þetta eykur enn á skolpmengun og næringarefnaflæði til Mývatns, þar sem sum þessara hótela uppfylla ekki skilyrði laga og reglugerða um skolpmengun. Virkjun

í Bjarnarflagi hefur ekki verið blásin af. Sveitarfélagið hefur gefið leyfi fyrir háspennulínunum um eldhraun og víðerni sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum til að fæða stóriðju á Bakka við Húsavík og í Helguvík. Ólokið er friðlýsingum á svæðinu samkvæmt lögum um Mývatn og Laxá.

Íslenska ríkinu stefnt vegna vanefnda á friðlýsingum

Landvernd og Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit, stefndu íslenska ríkinu vegna vanefnda á að friðlýsa svæði í Skútustaðahreppi í nóvember sl. Samkvæmt ákvæðum Mývatnslaga átti að ljúka friðlýsingum á alls ellefu svæðum í hreppnum í lok árs 2007, eða fyrir níu árum síðan. Nokkur svæði hafa verið friðlýst, svo sem Dimmuborgir og Hverfjall/Hverfell, auk hluta hálendis sveitarinnar sem nú er innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Mun fleiri svæði bíða þó enn friðlýsingar og ekkert hefur saxast á listann undanfarin fjögur ár. Meðal þeirra eru staðir sem stafar ógn af ágangi ferðamanna, eins og við Hverarönd og Leirhnjúk. Engin landvarsla er á þeim svæðum. Þá er um að ræða svæði, svo sem Leirhnjúkshraun, sem deilur um lagningu háspennulína hafa staðið um.



Frá Mývatni. Mynd: Árni Einarsson.



Frá Mývatni. Mynd: Árni Einarsson.

Mývatn ver sig ekki sjálf: Skolpmál

Frárennslis- og skolpmál hafa lengi verið í ólestri við Mývatn og er ein ástæða þess að verndarsvæðið er á rauðum lista Umhverfisstofnunar. Aukið magn næringarefna veldur ofauðgun vatnsins og ofvexti í stofni blábaktería. Þetta er kallað leirlos. Lengi hefur verið vitað að skort hefur búnað fyrir tilskilda hreinsun skolps frá eldri hótelum og annarri ferðaþjónustu í sveitinni þrátt fyrir skýr fyriræmi í lögum og reglugerðum. Aftur á móti hefur komið á óvart að reglum hefur ekki verið framfylgt varðandi nýrri hótélbyggingar. Landvernd freistar þess nú með röð stjórnsýslukæra að fá tekið á þessum mikilvægu lífríkismálum Mývatns, ekki síst í ljósi aukins álags á verndarsvæðið af sívaxandi þunga ferðamannastraums. Fjallað var ítarlega um þetta málefni í Kastljósi RÚV í febrúar sl.

Bygging Fosshótela hófst án leyfa

Haustið 2016 komst í hámaeli er byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps stöðvaði leyfislausar byggingaframkvæmdir Fosshótela innan verndarsvæðisins í landi Grímsstaða skammt norðan Mývatns. Búið var að reisa stóran hluta hótelsins án leyfis frá Umhverfisstofnun, án útgefins byggingarleyfis og án þess að hótélrekandi hefði tilkynnt Skipulagsstofnun um framkvæmdina svo hún gæti tekið ákvörðun um hvort hótelið þyrfti að fara í umhverfismat. Leyfi voru síðan gefin út í nóvember 2016 en Landvernd hefur skotið þeim leyfisveitingum öllum til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og krefst þess m.a. að umhverfismat fari fram á hótelinu.

Tvö stór hótél án leyfa Umhverfisstofnunar

Við eftirgrennslan Landverndar kom í ljós að Umhverfisstofnun hefur hvorki veitt Hótel Laxá, sem hóf rekstur sumarið 2014, né stækkun

Hótel Sels árið 2015 leyfi en bæði þessi hótél eru inni á verndarsvæði Mývatns og Laxár og því þurfti leyfi Umhverfisstofnunar fyrir byggingu þeirra. Hótel Sel uppfyllir heldur ekki reglugerðir um hreinsun frárennslis við vatnið og er því í ósamræmi við skilmála deiliskipulags. Starfsmannahúsum var bætt við Hótel Laxá haustið 2016 án leyfis Umhverfisstofnunar og lúta þau ekki ströngustu kröfum um mengunarvarnir. Þá veitti Umhverfisstofnun ekki leyfi fyrir vinnubúðum fyrir 50 manns við Fosshótel á Grímsstöðum. Landvernd hefur kært byggingarleyfi hótelanna og athafnaleysi Umhverfisstofnunar í leyfisveitingarmálum á svæðinu, og vakið athygli á ábyrgð stofnunarinnar á frárennslismálum á verndarsvæðinu.

Loforð en engar efndir?

Þrátt fyrir að frárennslismál verndarsvæðisins hafi komist í hámaeli vorið 2016 og pólitísk loforð verið gefin um aðkomu ríkisvaldsins að fjármögnun skolphreinsunar í þéttbýli í Skútustaðahreppi hefur ekkert fjármagn enn borist. Fyrirtæki eiga auðvitað sjálf að borga fyrir þá mengun sem þau valda og eðlilegt má telja að þau borgi fyrir að skolpinu sé komið í förgun utan verndarsvæðisins þangað til búið er að koma frárennslismálum þeirra í réttan farveg. Ánægjulegt er að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur þrýst á fyrirtækin nýlega um úrbætur og hót að ógilda starfsleyfi þeirra verði ekki gerð bragabót á.

Landvernd mun ekki hvika frá varðstöðu sinni um verndarsvæði Mývatns og Laxár og mun áfram leita allra lögmætra leiða í því efni.



Bakkalínur yfir víðerni og eldhraun

Bakkalínumálið svokallaða krafðist mikillar vinnu af hálfu Landverndar á starfsárinu. Málið snýst um lagningu 220 kV háspennulínu í lofti frá Kröflu að Þeistareykjavirkjun og þaðan niður á Bakka við Húsavík. Gufuafla frá Þeistareykjum er ætlað að sjá kísilmálmverksmiðjum á Bakka og í Helguvík á Suðurnesjum fyrir raforku. Krafa Landverndar er að víðernum og eldhraunum verði hlífð við raflínunum og að nýtt umhverfismat fari fram sem m.a. skoði mögulega lagningu jarðstrengja.



Séð ofan af Leirhnjúki. Mynd: Lovísa Ásbjörnsdóttir.

Ríkir náttúruverndarhagsmunir

Landsnet hefur hannað línuna á þann veg að hún þveri Leirhnjúkshraun í Skútustaðahreppi. Hraunið nýtur verndar sem eldhraun (hraun runnið á nútíma eftir síðustu ísöld) samkvæmt náttúruverndarlögum og Umhverfisstofnun hefur lagt til friðlýsingu


þess. Fleiri eldhraun eru á línuleiðinni, þ.m.t. Þeistareykjahraun. Þá færi línun um óbyggð víðerni norður af Kröflu, m.a. um Neðra-Bóndhólshraun og svæðið vestan og norðvestan Gæsafjalla. Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast að raska eldhraunum nema brýna nauðsyn beri til og mikilvægir almannahagsmunir krefjist þess. Að mati Landverndar hefur Landsnet ekki sýnt fram á að almannahagsmunir kalli á óafturkræfa röskun Leirhnjúkshrauns. Til dæmis hefur ekki verið kannað hvort leggja megi línuna í jörð með jaðri hraunsins og suður fyrir Hlíðarfjall.

Krafa um nýtt umhverfismat

Í mars 2015 óskaði Landvernd eftir því við Skipulagsstofnun að nýtt umhverfismat yrði gert fyrir Bakkalínur. Bentu samtökin á að mun minni raforkuflutningur væri nauðsynlegur að Bakka eftir að hætt var við byggingu álvers sem var forsenda fyrra umhverfismats árið 2010. Væru forsendur því gjörbreyttar og skoða bæri umhverfissvænni lausnir, svo sem lagningu jarðstrengs á hluta leiðarinnar. Skipulagsstofnun hafnaði beiðni Landverndar og umhverfis- og auðlindaráðuneytið staðfesti síðar þá ákvörðun. Krafa um umhverfismat jarðstrengja hefur verið rauður þráður í málarekstri Landverndar. Sú krafa er í samræmi við nýlega hæstaréttardóma vegna Suðurnesjalínu 2.


Úrskurðarnefnd stöðvar framkvæmdir

Landsnet sótti um framkvæmdaleyfi fyrir Bakkalínunum í mars 2016. Veittu sveitarstjórnir á svæðinu leyfin í apríl og júní sama ár. Landvernd ásamt samtökunum Fjöreggi í Mývatnssveit kærðu leyfisveitingarnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) sem sumarið 2016 stöðvaði framkvæmdirnar til að hlífa Leirhnjúkshrauni, Þeistareykjahrauni og verndarsvæði við Þeistareyki. Sveitarstjórnir á svæðinu, PCC og ríkisstjórn Íslands brugðust mjög hart við.



Sáttatilboð ríkisstjórnarinnar

Fyrir milligöngu ríkisstjórnarinnar var ákveðið að leita sáttaviljands um ásættanlega línuleið. Sáttaviljinn náði þó ekki lengra en svo að Landsnet var einungis tilbúið til að færa línuna í Leirhnjúkshrauni um 300 metra til suðurs og ríkisstjórnin beitti sér ekki á neinn hátt fyrir frekari náttúruverndarsjónarmiðum. Landvernd hafnaði þessu enda mætti þetta hvergi nærri kröfum samtakanna um að hlífa náttúruverðmætum.



Sáttaleið ríkisstjórnarinnar gerði ráð fyrir að færa línuna um 300 metra til suðurs í Leirhnjúkshrauni. Teikning ofan á kort Landsnets: Margrét Hugadóttir.

Komið í veg fyrir lagasetningu

Ríkisstjórnin lagði fram frumvarp á Alþingi í september 2016 sem miðaði að því að fella úr gildi framkvæmdaleyfi sem sveitarstjórnir höfðu gefið út og afnema þannig kærurétt umhverfisverndarsamtakanna í málinu, en veita jafnframt Landsneti heimild til framkvæmda með sérlögum. Kærurétturinn er varinn af Árósasamningnum, EES samningnum og Mannréttindasáttmála Evrópu. Landvernd beitti sér af afli gegn setningu slíkra laga og kærði málið m.a. til ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Hinn 10. október, rétt áður en kom að afgreiðslu frumvarps ríkisstjórnarinnar á Alþingi, felldi úrskurðarnefndin framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps til handa Landsneti úr gildi. Frumvarpið var dregið til baka í kjölfarið.

Frágangi og eftirliti ábótavant

Í vettvangsferð með Landsneti í byrjun september 2016 kom í ljós mikið óþarfa rask á eldhrauni vegna frágangs á jarðskautsborðum frá mastrastæðum. Í stað þess að grafa borðana í kant vegslóða hafði verktaki lagt þá stystu leið í gegnum hraunið og viðurkenndu forsvarsmenn Landsnets að þetta verklag samræmdist ekki samningi þeirra við verktaka. Ljóst er af þessu að eftirlit með framkvæmdinni var ekki sem skyldi.




Verktakar Landsnets plægðu jarðskautsborða í óleyfi í gegnum eldhraun. Mynd: Lovísa Ásbjörnsdóttir.

Málið nú fyrir dómstólum

Skútustaðahreppur brást við úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála með útgáfu nýs framkvæmdaleyfis seint í október. Þetta síðara leyfi Landsnets kærðu Landvernd og Fjöregg einnig til úrskurðarnefndarinnar. Hún felldi úrskurð sinn í apríl 2017 og hafnaði kröfu samtakanna um ógildingu leyfisins. Landvernd hefur stefnt Landsneti vegna framkvæmdaleyfisins fyrir Héraðsdóm Norðurlands eystra.

2017





Umhverfismenntaverkefni FEE: Skólar á grænni grein, Græni lykillinn og Bláfáninn




FEE

Foundation for Environmental Education (FEE) eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru árið 1981. Markmið samtakanna er að stuðla að sjálfbærni í gegnum menntun. Landvernd gerðist aðili að samtökunum árið 2000 og starfrækir þrjú af fimm menntaverkefnum FEE: Skóla á grænni grein (Grænfáninn) frá 2001, Bláfáninn frá 2002 og Græna lykilinn frá 2015. Önnur verkefni sem FEE rekur en eru ekki starfrækt hér á landi eru Skógarverkefni fyrir skóla og Ungir umhverfisblaðamenn. Félagasamtök í 73 löndum um allan heim eiga aðild að FEE.

Skólar á grænni grein – Grænfáninn



Skólar á grænni grein – Grænfáninn er stærsta menntaverkefni til sjálfbærrar þróunar í heiminum samkvæmt úttekt UNESCO árið 2015. Það er rekið í 64 löndum og eru um 18 milljónir nemenda í 49 þúsund skólum þátttakendur. Verkefnið styður við getu nemenda til að taka upplýstar og aðgerðamiðaðar ákvarðanir um sjálfbærni í skólum sínum, nærumhverfi og samfélagi. Landvernd leiðbeinir skólunum við þá vinnu með hliðsjón af aðalnámskrá og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í lok árs 2016 voru 214 skólar skráðir í verkefnið á 227 starfsstöðvum, þar af höfðu 176 fengið grænfánaviðurkenninguna, eða um 78%. Heildarfjöldi nemenda í verkefninu var um 45 þúsund og kennara um 5 þúsund. Á árinu fóru fram 60 úttektir og fánaafhendingar.



Dökkar súlur sýna fjölda nemenda í Skólum á grænni grein en ljósur súlur nemendur sem ekki taka þátt í verkefninu.

Árangursrík þrjú ár

Árið 2016 lauk þriggja ára samningi verkefnisins við Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og standa nú yfir viðræður um áframhaldandi samning. Á tímabilinu áttu sér stað gagngerar breytingar á starfsemi verkefnisins í átt að faglegri stuðningi við skóla og markvissari framkvæmd þess. Má þar nefna að ýmis tæki og tól voru þróuð sem auðvelda skólum framkvæmdina, s.s. nemendamiðuð matsblöð til að meta stöðu umhverfismála og markmiðssetningareyðublöð auk þess sem verkefnakista fór í loftið á heimasíðu Skóla á grænni grein með verkefnum frá þátttökuskólum. Matsblöðin voru sérstaklega þróuð í samvinnu við nokkra skóla með styrk frá Sprotasjóði. Tvær handbækur komu út á tímabilinu sem unnar voru fyrir styrk frá Þróunarsjóði námsgagna. Önnur þeirra ber heitið Á grænni grein, og er hún leiðbeinandi rit fyrir skóla í verkefninu sem sýnir m.a. fram á tengsl þess við aðalnámskrá og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Hin bókinn er ætluð nemendum í Vistheimtarverkefni Landverndar sem þar eru leiddir í gegnum verkefnið skref fyrir skref. Ráðstefna fyrir þátttökuskóla var haldin í ársbyrjun 2017. Á ráðstefnunni var sérstök áhersla lögð á skóla sem hafa verið lengi í verkefninu og hvernig virkja megi allt skólasamfélagið. Þar voru handbækurnar sem út komu einnig kynntar ásamt nýju námsefni í úrgangsförvörnum fyrir grunnskóla.

Ný þriggja ára áætlun

Ný þriggja ára áætlun í verkefninu liggur nú til grundvallar samningsgerð við styrktarráðuneyti. Megináhersla er lögð á að efla fagþjónustu Landverndar, dýpka skilning, getu og þátttöku kennara og nemenda þegar kemur að menntun til sjálfbærni og flóknum umhverfismálum eins og loftslagsbreytingum. Þá er stefnt að því að fjölga skólum um 30 á tímabilinu.

Verkefnisstjóri Skóla á grænni grein er Caitlin Wilson, Margrét Hugadóttir starfar einnig við verkefnið og Katrín Magnúsdóttir er í hlutastarfi.



Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, afhendir umhverfisnefnd Ártúnsskóla grænfánann. Mynd: Margrét Hugadóttir.



Græni lykillinn



Græni lykillinn er alþjóðleg umhverfisviðurkenning á sviði afþreyingar og þjónustu sem veitt er hótélum og gististöðum, ráðstefnusölum, veitingastöðum, söfnum, tjaldstæðum og skemmtigörðum. Græni lykillinn er ein útbreiddasta umhverfisviðurkenning sinnar gerðar í heiminum en 2550 staðir í 55 löndum um heim allan hlutu viðurkenninguna árið 2016.

Uppfylla þarf fjölmörg skilyrði

Markmið Græna lykilsins er að auka þekkingu og efla umhverfisvitund viðskiptavina og starfsmanna, draga úr umhverfisáhrifum og rekstrarkostnaði, efla umhverfis- og samfélagsábyrgð auk þess sem hann styrkir jákvæða ímynd fyrirtækjanna sem viðurkenninguna hljóta. Til að fá Græna lykilinn þurfa rekstraraðilar að uppfylla skilyrði er lúta að tólf þáttum, þ.m.t. vistvænum innkaupum, úrgangsstjórnun, orkusparnaði og umhverfisfræðslu.

Aukinn áhugi á verkefninu

Radisson Blu Hótel Saga og Radisson Blu Hótel 1919 hlutu Græna lykilinn fyrst hótela hér á landi í byrjun ársins 2015 og árlega síðan þá. Tvö önnur hótél eru nú í umsóknarferli.

Salome Hallfreðsdóttir er verkefnisstjóri Græna lykilsins.

Bláfáninn



Bláfáninn er alþjóðleg umhverfisviðurkenning sem veitt er smábátahöfnum, baðströndum og ferðaþjónustuaðilum í sjávarferðamennsku fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum. Árið 2016 hlutu 4266 staðir í 47 löndum Bláfánann.

Meginmarkmið verkefnisins er að vernda haf- og strandsvæði, draga úr umhverfisáhrifum af atvinnustarfsemi með kerfisbundnum hætti, bæta öryggi og efla umhverfisvitund. Bláfáninn er ein útbreiddasta umhverfisviðurkenning sinnar tegundar í heiminum.

Sjálfbær sjávarferðamennska

Árið 2016 gátu ferðaþjónustuaðilar í sjávarferðamennsku sótt um Bláfánavottun í fyrsta skipti. Landvernd kom að þróun vottunarinnar sem fylgir ströngu kerfi byggðu á svipuðum viðmiðum og Bláfáninn fyrir baðstrendur og smábátahafnir.

Metár Bláfánans á Íslandi

Alls voru 13 umsækjendur um Bláfánann árið 2016, sex smábátahafnir, þrjár baðstrendur og fjórir ferðaþjónustuaðilar í sjávarferðamennsku, með alls 16 báta. Allir aðilar stóðust eftirlit, en til að fá að flagga Bláfánanum fara umsækjendur í gegnum strangt



Kynning á Bláfánanum og Græna lyklinum á Mannamóti markaðsstofanna. Mynd: Margrét Hugadóttir.



Lundi í Borgarfjarðarhöfn Mynd: Steve Zamek.



Starfsfólk Bláa Lónsins fær afhentan Bláfána. Mynd: NN.

ferli. Þeir aðilar sem flögguðu árið 2016 voru smábátahafnirnar á Borgarfirði eystri, Bíldudal, Patreksfirði, Stykkishólmi, Suðureyri og Ýmishöfn í Kópavogi, baðstrendurnar Bláa lónið, Langisandur á Akranesi og Ylströndin í Nauthólsvík auk fjögurra ferðaþjónustuaðila í sjávarferðamennsku, þ.e. Ambassador á Akureyri, Eldingar, Special Tours og Whale Safari í Reykjavík. Í ár sóttu síðan 14 aðilar um Bláfánann og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Salome Hallfreðsdóttir er verkefnisstjóri Bláfánans hjá Landvernd.



Hreinsum Ísland – landsátak í strandhreinsun

Dagana 25. apríl til 7. maí stóð Landvernd fyrir landsátaki í strandhreinsun – *Hreinsum Ísland*. Meginmarkmið átaksins er vitundarvakning um plasmengun í hafi og hvatning til samfélagsins alls að draga úr notkun á einnota plastumbúðum, kaupa minna, endurvinna og hreinsa plast úr náttúrunni.

Átakinu var hleypt af stokkunum þann 25. apríl á Degi umhverfisins í grænfánaskólanum Sjálandsskóla í Garðabæ. Nemendur réru út á sjó á kajökum og drógu plastskrímsli að landi með táknrænum hætti. Hægt er að nálgast allar upplýsingar um verkefnið á hreinsumisland.is.



Nemendur Sjálandsskóla í Garðabæ draga plastskrímsli að landi. Mynd: Caitlin Wilson.

Norræni strandhreinsunardagurinn

Hápunktur átaksins var norræni strandhreinsunardagurinn 6. maí sl. Hreinsun fór fram samtímis á öllum Norðurlöndunum, en verkefnið er samstarfsverkefni Landverndar og fimm norrænna samtaka. Þrjár strendur voru hreinsaðar á Snæfellsnesi, ruslinu safnað saman, það flokkað og greint. Niðurstöður munu liggja fyrir í samnorrænni skýrslu í lok þessa árs.

Norræni strandhreinsunardagurinn á Íslandi var skipulagður í samstarfi Landverndar, Svæðisgarðsins Snæfellsnesi, EarthCheck Snæfellsnesi, Lionshreyfingarinnar á Íslandi og Bláa hersins.



Strandhreinsun í fjörunni í Bervík á Snæfellsnesi. Mynd: Tryggvi Gunnarsson.



Frá Hornafirði. Mynd Ólafía I. Gísladóttir.

Loftslagsverkefni Landverndar

Í Loftslagsverkefni Landverndar eru sveitarfélög aðstoðuð við að draga úr útlosun á gróðurhúsalofttegundum, en loftslagsbreytingar eru eins og kunnugt er ein stærsta áskorun samtímans.

Sveitarfélög í verkefninu

Á síðustu árum hafa sveitarfélagið Hornafjörður og Landvernd unnið að því að mæla útlosun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sveitarfélagsins. Sveitarfélagið stefnir að því draga úr losun um a.m.k. 3% á ári, frá þremur geirum samfélagsins: samgöngum, orkunotkun og úrgangi. Stefnt er að frekari samdrætti eftir fyrirhugaða endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar árið 2018. Sveitarfélagið Fljótisdalshérað hefur safnað losunargögnum fyrir síðastliðin ár og stefnir að því að skrifa undir samning við Landvernd á árinu 2017.

Vistakstur og fræðsluerindi

Í nóvember 2016 var haldið vel sótt vistaksturnámskeið fyrir starfsmenn sveitarfélagsins Hornafjarðar. Að auki skipulagði sveitarfélagið í desember sl. símenntunardag fyrir starfsmenn þar sem umhverfismál voru í brennidepli. Landvernd hélt fræðslufyrirlestra fyrir nær allt starfsfólk sveitarfélagsins og fjölda íbúa. Í fyrirlestrunum var loftslagsverkefnið kynnt og einnig hvað starfsfólk og íbúar geta gert til að sporna gegn loftslagsbreytingum. Verkefnið var þar að auki kynnt á ráðstefnu um loftslagsmál í Ungverjalandi í september 2016.

Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri Loftslagsverkefnis Landverndar.


Saman gegn matarsóun

Landvernd hefur frá árinu 2013 unnið markvisst gegn matarsóun. Hinu norræna Zero Waste verkefni var stýrt af Landvernd og unnið í samvinnu við Kvenfélagasamband Íslands og Vakandi. Verkefninu lauk á starfsárinu. Landvernd er hluti af samstarfshópi um matarsóun hérlendis og upplýsingar um starfið má finna á vefsíðu hópsins, matarsoun.is.

Átak á vinnustöðum Reykjavíkurborgar

Árið 2015 fór Landvernd í samstarf við Reykjavíkurborg um forrannsókn á matarsóun reykviskra heimila. Rannsóknin benti til að fjölskyldur í Reykjavík hentu árlega matvælum fyrir um 4,5 milljarða króna. Í framhaldinu var ráðist í átak gegn matarsóun á vinnustöðum borgarinnar. Verkefnið var prufukeyrt í Ráðhúsi Reykjavíkur í eina viku í desember 2016. Starfsfólk fékk fræðslu á formi fyrirlestra og veggspjalda, auk þess sem því voru send góð ráð daglega í tölvupósti og á miðum sem komið var fyrir á hlaðborði í matsal. Matarleifar starfsmanna voru vigtaðar fyrir og eftir átakið og í ljós kom að starfsmenn Ráðhúss Reykjavíkur sóuðu 14,3% minna af mat í kjölfar þess. Verkefnið var liður í að þróa Græn skref Reykjavíkurborgar og verður það áfram í boði fyrir vinnustaði borgarinnar.

Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri verkefnisins.





Láglendisvæðing á Kili

Láglendisvæðing hálandisins virðist vera hafin með umfangsmiklum fyrirætlunum um uppbyggingu gístaðstöðu á Kili og tilheyrandi vegalagningu.

Pylsuskurði Vegagerðarinnar hafnað

Á síðustu 20 árum hefur Vegagerðin búið framkvæmdir við Kjalveg niður í stutta kafla sem hver um sig hefur verið innan lengdarmarka sem krefjast umhverfismats. Stofnunin hefur heldur ekki tilkynnt Skipulagsstofnun um framkvæmdirnar eins og henni ber að gera. Landvernd kærði þennan pylsuskurð (e. salami slicing) Vegagerðarinnar og í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í júní 2016 er tekið undir það mat Landverndar að almennt sé sá háttur að hluta niður framkvæmdir til þess fallinn að fara á svig við markmið umhverfismatslöggjafarinnar. Vegagerðin hefur því ekki verið að vinna að framkvæmdum á Kjalvegi á síðustu 20 árum í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Hin kærða ákvörðun var þrátt fyrir það ekki felld úr gildi.

Kjalvegur verði ferðamannavegur

Með fyrrnefndum úrskurði er ljóst að Vegagerðinni er ekki stætt á því að ákvarða einhliða hvernig viðhaldi og vegaf framkvæmdum er háttáð á Kili. Landvernd tekur undir það sjónarmið að víða þurfi að laga Kjalveg, en telur að hann eigi að vera ferðamannavegur sem liggur vel að landslagi og er ekki hærrí en landið í kring. Vegaframkvæmdir undanfarinna ára á Kili eru ekki í samræmi við það.

Umfangsmikil uppbygging gístaðstöðu

Rannsóknir við Háskóla Íslands hafa sýnt að innan við 10% ferðamanna á miðhálandinu telja hótél samrýmast hugmyndum um viðerni og óbyggðaupplifun, sem er einmitt það sem þeir sækjast helst eftir á svæðinu. Þrátt fyrir það er hafin endurgerð og nýbygging gístaðstöðu í Ásgarði við Kerlingarfjöll fyrir allt að 340 manns, þar af 240 í einni hótélbyggingu með nútímapægindum. Áform eru uppi um byggingu 80-140 manna gístaðstöðu á Hveravöllum og samkvæmt drögum að aðalskipulagi Hrunamannahrepps er stefnt að uppbyggingu 150 manna gístaðstöðu í skálum eða litlum húsum auk veitingareksturs í Svínárnesi á Hrunamannafrétti. Til samanburðar tekur Hótél Saga í Reykjavík að hámarki 470 manns í gístaðstöðu.

Lágstemmd lega Kjalvegar í landslaginu. Viðhald Vegagerðarinnar hefur víða breytt þessu. Mynd: Margrét Auðunsdóttir.



Tölvugerð mynd af útliti fyrirhugaðs hótels Fannborgar ehf. í Kerlingarfjöllum. Mynd tekin úr tilkynningu Fannborgar ehf. um matsskyldu.

Úrskurður um umhverfismat hótels í Kerlingarfjöllum mikilvægt fordæmi

Landvernd hefur lagt áherslu á að fyrirhuguð hótélbygging Fannborgar ehf. í Kerlingarfjöllum sé að umfangi, útliti og eðli þjónustu hin fyrsta sinnar gerðar á hálandinu og að hana beri því að umhverfismeta í heild sinni. Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í júní 2016 var í samræmi við kröfu Landverndar og hefur mikið fordæmisgildi almennt fyrir uppbyggingu gístaðstöðu á hálandinu. Hafnað var skilningi Skipulagsstofnunar um að ekki þyrfti að meta fyrsta áfanga hótélbyggingarinnar.



Náttúruverndarsvæðið í Kerlingarfjöllum. Mynd: Margrét Auðunsdóttir.



Tuttugu ára umhverfismat á Hveravöllum

Hveravallafélagið stefnir að stækkun gistiaðstöðu á Hveravöllum. Fyrir hendi er 20 ára gamalt umhverfismat. Landvernd hefur fært rök fyrir því að endurvinnna þurfi umhverfismatið frá grunni þar sem margar forsendur hafa breyst. Áður var t.d. gert ráð fyrir gistiskála með eldunaraðstöðu en nú hóteli með veitinga- og starfsmannaaðstöðu. Hámarksstærð þjónustubyggingar mun nær þrefaldast og almennum bílastæðum fjölga um helming frá fyrri áætlunum. Að auki hefur orðið veruleg breyting á löggjöf um umhverfismál á tímabilinu og Alþingi hefur samþykkt landsskipulagsstefnu sem m.a. nær til miðhálandisins, svo eitthvað sé nefnt. Að mati Landverndar á framkvæmdin skilyrðislaust að

fara í mat á umhverfisáhrifum en Skipulagsstofnun hefur nú málið til skoðunar.

Mótum leikreglur í miðhálandisþjóðgarði

Skynsamlegast er að móta leikreglur um vegagerð og fyrirkomulag ferðaþjónustu á Kili – og öllu hálandinu – innan nýs miðhálandisþjóðgarðs. Flýta ber stofnun hans svo takast megi á við þessi mál með heildstæðum hætti. Reynslan frá Kili sýnir að einstakar framkvæmdir og ákvarðanatöku í ferðamáli á miðhálandinu tekur ekki endilega mið af náttúruvernd eða almannahagsmunum til langrar framtíðar.

Breytt skipulag í Landmannalaugum

Rangárþing ytra vinnur nú að gerð deiliskipulags í Landmannalaugum. Afar brýnt er að taka á skipulagsmálum á svæðinu og er margt jákvætt í tillögu sveitarstjórnar, svo sem það að reyna að koma reglu á hvar tjalda megi, færa umferð og bílastæði út fyrir laugasvæðið og reyna að endurheimta víðernisgæði svæðisins.

Nýtt þjónustusvæði andstætt víðernisupplifun

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að byggt verði á mikið til óröskuðu svæði við Sóltún og að líparítaurum Jökulgilskvíslar og ásýnd Námshrauns verði raskað með varnargörðum, nýrri skálabyggð og bílastæðum. Þetta mun rýra náttúruverndargildi svæðisins að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands og draga úr víðernistilfinningu á Landmannalaugasvæðinu frekar en hitt. Landvernd tekur undir það sjónarmið.

Byggja frekar við Námskvísl


Í stað uppbyggingar við Sóltún telur Landvernd að skoða beri þann valkost að stækka fyrirhugað þjónustusvæði við Námskvísl til norðausturs. Tjaldsvæði yrði áfram undir Laugahrauni. Þessa valkosti þarf að kanna í umhverfismati deiliskipulagstillögunnar.

Hafna ber fjölgun gisitirýma

Landvernd sér ekki ástæðu til að fjölga gisitirýmum á svæðinu með skálabyggingum, heldur ætti slík uppbygging að fara fram í jaðri hálandisins. Raunhæfir valkostir, svo sem að byggja upp gistingu fjarri náttúruverndarsvæðinu, hafa ekki verið skoðaðir.



Úr Landmannalaugum.
Mynd: Ingibjörg Eiríksdóttir.





Stjórn Landverndar 2016-2017



Snorri Baldursson,
formaður



Anna G. Sverrisdóttir,
varaformaður



Þuríður Helga Kristjánsdóttir,
gjaldkeri



Páll Ásgeir Ásgeirsson,
ritari



Elly Katrín Guðmundsdóttir,
meðstjórnandi



Guðmundur Björnsson,
meðstjórnandi



Kristín Vala Ragnarsdóttir,
meðstjórnandi



Lovísa Ásbjörnsdóttir,
meðstjórnandi



Margrét Auðunsdóttir,
meðstjórnandi



Pétur Halldórsson,
meðstjórnandi

Starfsfólk og starfsnemar Landverndar 2016-2017

Á Landvernd starfa nú tíu manns í rúmum sjö stöðugildum.

Mannabreytingar

Steinar Kaldal lét af störfum í janúar 2017 eftir tveggja ára starf hjá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands. Steinar var verkefnisstjóri hálendisverkefnis samtakanna og lykilmáður í að koma á þeirri samstöðu sem náðst hefur um stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu. Steinari eru færðar alúðarþakkir fyrir framlag hans til náttúruverndar á vegum samtakanna.

Ólöf Óskarsdóttir lét af störfum í nóvember 2016 eftir tveggja og hálfis árs starf hjá Landvernd. Ólöf sinni margvíslegum störfum á skrifstofu samtakanna og kom einnig að Skólum á grænni grein. Ólöfu eru færðar bestu þakkir fyrir störf sín í þágu Landverndar.

Margrét Hugadóttir, náttúrufræðikennari og námsefnishönnuður, var ráðin til starfa í ágúst 2016. Margrét er með B.Ed. gráðu í kennslu náttúrugreina frá Kennaraháskóla Íslands og M.Ed. gráðu í fjölmenningsfræðum frá Freie Universität í Berlín. Margrét er sérfræðingur við Skóla á grænni grein, stýrir endurgerð á vefsíðu samtakanna og kemur að ýmsum fleiri verkefnum.

Angela Margerita Jauch var í starfsþjálfun hjá Landvernd sumarið 2016 og vann verkefni um útbreiðslu lúpínu á hálendi Íslands. Nánar er gerð grein fyrir verkefninu annarsstaðar í ársskýrslunni.

Ellen Ágústa Björnsdóttir hóf störf á skrifstofu Landverndar í febrúar 2017. Ellen Ágústa er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og stundar nú meistaranám í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands. Ellen er í 40% starfi hjá Landvernd en hefur áður unnið m.a. hjá bókhalds- og endurskoðunarfyrirtækjum.

Þóroddur Fr. Þóroddsson var ráðinn í sérverkefni í janúar 2017. Þóroddur er með B.Sc. próf í jarðfræði frá Háskóla Íslands og las vatnafræði við háskólann í Uppsölum í Svíþjóð. Hann hefur unnið víða, m.a. á Orkustofnun, Náttúrugripasafninu á Akureyri, hjá Náttúruverndarráði en lengst af hjá Skipulagsstofnun. Þóroddur er verkefnisstjóri í vindorkuverkefni Landverndar.

Verkefni starfsnema við Háskóla Íslands

Landvernd auglýsir árlega starfsþjálfunarverkefni á meðal nemenda í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Á starfsárinu skrifaði Claire Runquist um umhverfis- og skipulagsmál vindorkuvera í nokkrum löndum og Yumi Ishimoto um umhverfisáhrif jarðvarmavirkjana. Er þeim færðar bestu þakkir fyrir framlag þeirra til Landverndar. Vorið 2017 hófu fjórir nýir starfsnemar störf á Landvernd og í haust verður tekið á móti tveimur í viðbót.



Starfsfólk Landverndar



Guðmundur Ingi Guðbrands-son, framkvæmdastjóri



Salome Hallfreðsdóttir, umhverfisfræðingur



Dr. Rannveig Magnúsdóttir, spendýravistfræðingur



Katrín Magnúsdóttir, mannfræðingur og kennari



Caitlin Wilson, umhverfisfræðingur



Sif Konráðsdóttir, hæstaréttarlögmaður



Margrét Hugadóttir, náttúrufræðikennari



Ellen Ágústa Björnsdóttir, viðskiptafræðingur




Þóroddur Fr. Þóroddsson, jarðfræðingur



Hrefna Einarsdóttir, bókari

Félagsmenn nálgast 5000


Markvisst hefur verið unnið að fjölgun félagsmanna hjá Landvernd á undanfönum árum. Fjöldi félagsmanna hefur tifoldast frá árinu 2011 en nú standa um 4950 manns að baki samtökunum. Landvernd stendur mun sterkari fótum með fleiri félagsmenn innanborðs, slagkrafturinn og áhrifin aukast og fjárhagsleg staða samtakanna styrkist. Unnið verður markvisst að frekari fjölgun félagsmanna á næstu árum.



Aukin umfjöllun

Á síðustu árum hefur sýnileiki Landverndar í fjölmiðlum aukist verulega og er til marks um aukna starfsemi samtakanna. Árið 2016 var alls fjallað um Landvernd í 458 fréttum og greinum. Þar af voru 100 fréttir í sjónvarpi og útvarpi, 114 í prentmiðlum, 218 í netmiðlum og 26 á sérvefnum.

Árið 2016 var Landvernd í 143. sæti yfir lögaðila í fjölda fréttu og greina, á svipuðum róli og Samtök ferðaþjónustunnar. Þá var Landvernd í 2. sæti af yfir 900 félagasamtökum hérlendis í fjölda skipta í fjölmiðlum og aðeins Rauði krossinn kom oftar fyrir.





Græn pólítík: Þátttaka í ákvarðanatöku um umhverfismál

Árósasamningurinn veitir umhverfisverndarsamtökum rétt til aðgangs að upplýsingum og þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku. Með samningnum er tryggður réttur til að véfengja ákveðnar ákvarðanir stjórnvalda, en einnig athafnir einkaaðila sem brjóta gegn lögum um umhverfisvernd. Á síðustu árum hefur Landvernd beitt sér í síauknu mæli á þessu sviði.

Umsagnir um margvísleg mál

Undanfarin ár hefur Landvernd sent frá sér milli 20 og 30 umsagnir árlega um margvísleg lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, skipulagsáætlanir, mat á umhverfisáhrifum áætlaða og framkvæmda o.fl. Málaflokkarnir eru fjölmargir s.s. náttúruvernd og náttúruverndarsvæði, gróður- og jarðvegsvernd, orku- og orkuflutningsmál, loftslagsbreytingar, úrgangs- og mengunarmál og skipulagsmál. Á þessum starfsári hefur þessum umsögnum fjölgað mikið og voru þær alls 44 (sjá meðfylgjandi súlurit).

Árósasamningurinn og kæruréttur

- Efnistöð landsskýrslu um framfylgd Árósasamningsins.
- Drög að landsskýrslu um framfylgd Árósasamningsins.
- Drög að frumvarpi um kærurétt (breytingar á nokkrum lögum).

Náttúruvernd: Gróður og jarðvegur


- Frumvarp til laga um nýja skógræktarstofnun.
- Frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum o.fl. (búvörusamningar).
- Drög að frumvarpi til laga um skóga og skógrækt.
- Drög að frumvarpi til laga um landgræðslu.

Loftslagsmál, mengun og úrgangur

- Þingsályktunartillaga um aðgerðaáætlun um orkuskipti.
- Þingsályktunartillaga um kolefnishlutlaust Ísland.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-reglur, losun frá iðnaði og skráningarskylda).
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EES-reglur o.fl.).

Náttúruvernd: Ferðamál og samgöngur

- Drög að hvítbók um samgöngumál.
- Drög að skammtímalandsáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum.
- Frummatsskýrsla um Vestfjarðaveg frá Bjarkarlundi að Skálanesi.
- Drög að frumvarpi um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.



Umsagnir Landverndar síðustu sex starfsár samtakanna.

- Matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir hótél í Kerlingarfjöllum.
- Endurskoðun mats á umhverfisáhrifum fyrir hótél á Hveravöllum.
- Aðalskipulagsbreyting á Skíðaskálanum í Hverradölum.
- Heildarendurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.
- Skipulags- og matslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags fyrir Jarðböðin í Mývatnssveit.

Náttúruvernd: Friðlýst svæði og þjóðlendur

- Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Vatnajökulspjóðgarð.
- Drög að friðlýsingarskilmálum fyrir Kerlingarfjöll.
- Drög að eigendastefnu um þjóðlendur.
- Deiliskipulagstillaga um Landmannalaugar.
- Þingsályktunartillaga um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal.
- Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum og Vatnajökulspjóðgarð (gjaldtaka o.fl.).

Náttúruvernd: Virkjanamál

- Drög að skýrslu um þriðja áfanga rammaáætlunar.
- Þingsályktunartillaga um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun).
- Frummatsskýrsla Vesturverks um Hvalárvirkjun.
- Skipulagslýsing Árneshrepps um Hvalárvirkjun.
- Aðalskipulagsbreyting í Árneshreppi vegna Hvalárvirkjunar.

Náttúruvernd: Raforkuflutningsmál

- Matslýsing fyrir kerfisáætlun Landsnets 2016-2025.
- Frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi Kröflulínu 4 og Þeistareykjalínu 1.
- Drög að kerfisáætlun Landsnets 2016-2025 og umhverfisskýrslu.
- Drög að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir Hólasandslínu 3.
- Kerfisáætlun 2016-2025 vegna ákvörðunar Orkustofnunar.
- Frummatsskýrsla um Kröflulínu 3.



Ýmsar umsagnir

- Frumvarp til breytinga á einkamálalögum (gjafsókn).
- Drög að frumvarpi um refsiviðurlög við tilteknum umhverfisbrotum.
- Endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum (tillögur).
- Frumvarp til laga um Umhverfisstofnun (tvisvar sinnum).
- Þingsályktunartillaga um skipun starfshóps um að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra.


Landvernd biður einnig svara Skipulagsstofnunar við fyrirspurn um matskyldu vegna tengingar raforku frá Kröflu og Þeistareykjum til iðnaðarsvæðisins á Bakka.

Stjórnsýslukærur

Árósasamningurinn var fullgiltur héraðs árið 2011, um tíu árum á eftir hinum Norðurlöndunum. Þar með öðluðust umhverfisverndarsamtök þann mikilvæga rétt að geta krafist ógildingar á ákvörðunum stjórnvalda er lúta m.a. að aðgengi að gögnum, ákvörðunum um umhverfismatskyldu og margskonar framkvæmda- og starfsleyfum. Á bls. 25 er nánar fjallað um Árósasamninginn og kröfur Landverndar um aukinn kærurétt.

Kærumálum fjölga


Á andanförunum árum hefur Landvernd nýtt kærurétt sinn í stóru auknum mæli með það að markmiði að styrkja umhverfis- og náttúruvernd í landinu. Úrskurðir leiðbeina jafnframt stjórnvöldum um ákvarðanatöku í framtíðinni og hafa þannig stefnumarkandi áhrif til lengri tíma lítið. Með kærumálum veitir Landvernd stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald.



Fjöldi kærumála á síðustu sex starfsárum Landverndar.

Fallist á fleiri kröfur en hafnað

Alls hefur Landvernd kært í 36 málum frá 2012. Af þeim er 22 málum lokið. Þrjú mál voru felld niður og var þremur vísað frá. Ein kæra var dregin til baka. Af þeim 15 sem eftir stóðu var fallist á kröfur Landverndar í átta málum og í einu til viðbótar að hluta. Kröfum var hafnað í sex málanna.



Afdrif kærumála Landverndar sem úrskurðað hefur verið um.

Á þessu starfsári lagði Landvernd fram 21 kæru:

Afhending gagna

- Afhending samnings PCC og Landsnets (Landsnet hafnaði).
- Afhending gagna frá Skútustaðahreppi (meint vinnugögn).
- Afhending fébótasamnings Landsnets og Þingeyjarsveitar.

Háspennulínur

- Framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps fyrir Kröflulínu 4.
- Framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar fyrir Kröflulínu 4.
- Framkvæmdaleyfi Norðurþings fyrir Þeistareykjalínu 1.
- Samþykkt Orkustofnunar á kerfisáætlun Landsnets 2015-2024.
- Framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar fyrir Kröflulínu 4 (öðru sinni).
- Framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar fyrir Þeistareykjalínu 1.
- Fyrirhuguð löggjöf um framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 4 og Þeistareykjalínu 1 (til ESA).
- Framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps fyrir Kröflulínu 4 (öðru sinni).
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar vegna sameiginlegs umhverfismats Sprengisandslínu.

Hótel og aðrir innviðir ferðaþjónustu

- Matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum Íslandshótela á Grímsstöðum í Mývatnssveit.
- Leyfi Umhverfisstofnunar fyrir byggingu sama hótels.
- Byggingarleyfi Skútustaðahrepps vegna sama hótels.
- Byggingarleyfi Skútustaðahrepps vegna Hótels Laxár.
- Byggingarleyfi Skútustaðahrepps vegna Sel-Hótels.

Samgöngumannvirki

- Framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna Hornafjarðarveggar.



< frh.

Mengandi stóriðja

- Starfsleyfi Umhverfisstofnunar til handa kísilmálmverksmiðju Thorsil í Helguvík.

Athafnaleysi

- Athafnaleysi Skútustaðahrepps vegna borholu og slóða í Leirhnjúkshrauni.
- Athafnaleysi Umhverfisstofnunar vegna frárennismála í Mývatnssveit.

Dómsmál

Í nóvember 2016 tapaði Landvernd dómsmáli í Hæstarétti gegn Landsneti vegna kerfisáætlunar fyrirtækisins 2014-2023. Málareksturinn veitti fyrirtækinu samt sem áður aukið aðhald og þrýsti á það að taka upp betri vinnubrögð við gerð kerfisáætlana.

Á þessu starfsári stefndi Landvernd íslenska ríkinu vegna vanefnda á friðlýsingum í Skútustaðahreppi (sjá bls. 4), og Landsneti hf. vegna framkvæmdaleyfis fyrir Kröflulínu 4 um Leirhnjúkshraun og víðerni norðan Kröflu (sjá bls. 7).

Aðrar kvartanir og tilkynningar

Á starfsárinu sendi Landvernd kvörtun til Umboðsmanns Alþingis vegna mögulegra hagsmunaárekstra Þingeyjarsveitar við ákvarðanatöku um framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 4 og Þeistareykjalínu 1. Þá tilkynnti Landvernd Umhverfisstofnun um hugsanlegt mengunartilvik frá Sel-Hóтели og Hótel Laxá í Mývatnssveit, auk ábendingar til innanríkisráðuneytisins um sveitarstjórnareftirlit með Skútustaðahreppi þar sem Landvernd telur ekki staðið réttilega að leyfisveitingum og heilbrigðiseftirliti með hótelum í Mývatnssveit.

Vistheimt og landgræðsla með skólum

Vistheimtarverkefni Landverndar hefur verið starfrækt frá árinu 2013 í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og er verkefnið liður í að efla þekkingu og getu nemenda grænánaskóla til að takast á við flókin umhverfismál. Áhersla er lögð á þátttöku nemenda í rannsóknnum og túlkun þeirra. Verkefnið var mótað í samstarfi við Grunnskólann Hellu, Hvolsskóla og Þjórsárskóla en fimm skólar hafa bæst í hópin nýlega, þar á meðal þrír framhaldsskólar. Fimm skólar hafa sett upp vistheimartilraunir í nágrenni sínu og tveir skólar hafa tekið fyrir endurheimt votlendis, en sú vinna er enn á þróunarstigi. Skólarnir á Suðurlandi munu þar að auki vinna að vistheimt á gróðursnauðu landi við Þjófafoss. Sá hluti verkefnisins er unninn í samstarfi við Heklusúgaverkefnið.

Dr. Jane Goodall verndari verkefnisins

Nemendur í Grunnskólanum Hellu og Hvolsskóla kynntu Vistheimtarverkefnið fyrir hinni heimsfrægu Dr. Jane Goodall, umhverfis- og dýraverndunarsinna. Jane samþykkti að vera verndari verkefnisins. Á viðburði á vegum Roots & Shoots, ungmennasamtaka Jane Goodall, kynntu fleiri hópar verkefni sín fyrir Jane, þ.m.t. nemendur á sumarnámskeiði Náttúrufræðistofu Kópavogs og nemendur á námskeiði Landverndar í Háskóla unga fólksins. Námskeiðið var afar vinsælt og komust færri að en vildu. Nemendur unnu Roots & Shoots verkefni, ræddu við Jane um náttúru- og dýravernd og tóku þátt í hlutverkaleik um vernd og nýtingu Vatnsmýrarinnar þar sem þeir brugðu sér í gervi ólíkra hagsmunaaðila í málinu.

Haustið 2016 hófu nemendur í Þelamerkurskóla í Hörgárdal þátttöku í verkefni í tengslum við endurheimt votlendis á jörðinni



Nemendur Þelamerkurskóla rannsaka endurheimt votlendis.

Hólum í Öxnadal. Verkefni nemendanna felst í því að mæla vatnshæð í jarðvegi fyrir og eftir að mokað hefur verið ofan í skurði. Nemendur fengu fræðslu frá Landvernd og Landgræðslu ríkisins sem fylgt var eftir með fræðsludegi um votlendi í febrúar 2017.

Kennsluefni

Gerð kennsluefnisins *Vistheimt og landgræðsla á gróðursnauðu landi* fyrir miðstigi grunnskóla er á lokastigi. Kennsluefnið er styrkt af Þróunarsjóði námsgagna og mun gagnast nýjum grunnskólum sem bætast í Vistheimtarverkefni Landverndar.

Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri Vistheimtarverkefnisins.



Græðum Ísland – nýtt sjálfbóðaliðaverkefni í landgræðslu



Á aðalfundi Landverndar vorið 2017 verður hleypt af stokkunum sjálfbóðaliðaverkefni í landgræðslu sem nefnist *Græðum Ísland* og á ensku *CARE – Rewilding Iceland*. Verkefnið er hugsað fyrir hópa og einstaklinga sem vilja leggja sitt af mörkum í sjálfbóðavinnu til að bæta gróður- og jarðvegsauðlindina og ásýnd landsins, hvort sem það eru ferðamenn, nemendur eða starfsmanna-hópar, innlendir sem erlendir.

Aukið sjálfbóðaliðastarf í þágu náttúrunnar

Markmið verkefnisins tengjast m.a. náttúruferðamennsku, vistheimt, auknum menningartengslum Íslands og annarra landa og almennri vitundarvakningu um gróðurvernd. Verkefnið stuðlar einnig að auknu sjálfbóðaliðastarfi í þágu landsins.

Gróðursetning og fræsöfnun

Miðað er við að hver ferð sé hálfur til einn dagur. Hóparnir taka t.d. þátt í fræsöfnun, áburðargjöf og gróðursetningu undir handleiðslu verkstjóra á vegum verkefnisins. Fyrst um sinn fer vinnan fram á svæðinu í kringum Heklu.



Fólk frá Landvernd og Farfuglum eftir gróðursetningu við Þjófafoss í Þjórsá í júlí 2016.

Sérstök áhersla á bandaríska hópa í ár

Bandaríska sendiráðið á Íslandi styrkir verkefnið fyrsta árið og því er sérstök áhersla nú lögð á bandaríska hópa. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og Hekluskögaverkefnið.

Drög að nýjum landgræðslu – og skógræktarlögum

Landvernd hefur á undanförunum árum talað fyrir löngu tímabærri heildarendurskoðun og samræmingu laga um landgræðslu og skógrækt.

Drög að nýjum lögum

Landvernd hefur lagt áherslu á eina heildstæða löggjöf um gróður- og jarðvegsvernd, eða samruna þessara málaflokka og náttúruverndar, í stað þess að viðhalda sérlögum um landgræðslu annars vegar og skóga og skógrækt hins vegar. Með náttúruvernd sem rauðan þráð í landgræðslu og skógrækt næðist betri samræming milli þessarar starfsemi og verndunar líffræðilegrar fjölbreytni og landslags. Þessari nálgun hefur umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafnað.

Nytjaskógrækt er landbúnaður

Landvernd hefur bent á að nytjaskógrækt sé atvinnugrein sem halda eigi utan laga um vernd og endurheimt gróðurs og jarðvegs. Um þessa atvinnugrein geti gilt sérstakar reglur, þar sem m.a. væri lögð áhersla á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif greinarinnar, t.a.m. á náttúruleg vistkerfi og landslag.



Nýgróðursett birkiplanta.

Varúðarreglan sniðgengin

Varúðarregla umhverfisréttar var lögfest héraðs í náttúruverndarlögum árið 2015. Hún er hinsvegar ekki útfærð að neinu marki í frumvarpsdrögum að nýjum landgræðslu- og skógræktarlögum að mati Landverndar. Það á m.a. við um vernd líffræðilegrar fjölbreytni Íslands og landslag. Þá er hvergi í frumvarpsdrögum rætt um notkun ágengra framandi tegunda eða aðgerðir til að stemma stigu við útbreiðslu þeirra, rétt eins og þessi fyrirbæri séu ekki til.



Fundir og viðburðir

2.5.2016 Erindi Rogers Crofts

Landvernd og Landgræðsla ríkisins stóðu að fundi í Þjóðminjasafni Íslands þar sem skoski náttúrufræðingurinn Roger Crofts skoraði á íslensk stjórnvöld að móta sér skýrari stefnu í umhverfis- og auðlindamálum.



Dr. Jane Goodall með nemendum Hvolsskóla og Grunnskólans Hellsu.
Mynd: Rannveig Magnúsdóttir.

15.6.2016 Heimsókn Dr. Jane Goodall

Dr. Jane Goodall, ein þekktasta vísindakona heims, kom til landsins í júní 2016 og var Landvernd á meðal skipuleggjenda heimsóknarinnar. Dr. Goodall hélt erindi fyrir fullu húsi í Háskólabíói og einnig var staðið fyrir Roots & Shoots viðburði og námskeiði hjá Háskóla unga fólksins.

2.-3.9. 2016 Fundur fólksins

Landvernd var með kynningarbás á *Fundi fólksins* í Vatnsmýrinni í Reykjavík og stóð fyrir spurningakeppni fyrir stjórnmalamenn og umræðu þeirra á meðal um þjóðgarð á miðhálandinu. Allir tóku þeir vel í hugmyndina.

9.-10.9.2016 Saman gegn sóun

Landvernd var með bás á sýningunni *Saman gegn sóun* í Perlunni sem Fenúr og Umhverfisstofnun stóðu fyrir. Athygli var m.a. vakin á endurvinnslu og matar- og drykkjarsóun.

21.9.2016 Galdrasýning um endurvinnslu

Bandaríski umhverfisfræðingurinn og galdramaðurinn Cyril J. May hélt umhverfistöfrásýninguna *Recycling is Magic* í Ráðhúsi Reykjavíkur og fræddi grunnskólanemendur um sjálfbærni, umhverfið og endurvinnslu með hjálp töfrabragða.

19.1.2017 Mannamót markaðsstofanna

Landvernd kynnti Græna lykilinn og Bláfánann á *Mannamóti markaðsstofanna*, sem er kynningarvettvangur ferðaþjónustuaðila á landsbyggðinni. Mikill áhugi var á verkefnum Landverndar.

Þjóðgarð á Ströndum frekar en Hvalárvirkjun

Skipulagsstofnun hefur birt álit vegna fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði á Ströndum. Álitið er áfelligsdómur um framkvæmdina sem mun skerða eyðibýggðir og óbyggð víðerni, gerbylta vatnafari og ræna flesta fossa svæðisins mikilfengleik sínum og fossadyn. Engin störf fylgja virkjuninni eftir að hún er risin og hún mun heldur ekki leysa meintan raforkuvanda Vestfirðinga þar sem ekki er áformað að tengja hana við Ísafjörð og nágrenni.

Miklir möguleikar með þjóðgarði


Stöðugt gengur á óbyggðir jarðarinnar og þær verða verðmætari með hverju nýju framkvæmdasvæði. Í sífellt manngerðari heimi er fólki nauðsyn og fró að losna undan tækninni og steinsteypunni og komast út í tæra og ósnortna náttúru þar sem fegurðin, einfaldleikinn og sagan ríkir. Norðanverðar Strandir til og með Hornstrandafriðlandi eru ríki náttúrunnar. Þar væri auðveldlega hægt stofna glæsilegan þjóðgarð og byggja upp af miklum myndarskap fyrir sambærilegan ríkisstyrk og fyrirhugaður er vegna tengivirkis á Nauteyri. Möguleikar í náttúruferðamennsku eru ótæmandi. Landvernd er ekki í nokkrum vafa um að langtímaávinningur samfélagsins í Árneshreppi af þjóðgarði og þeirri atvinnuuppbyggingu sem gæti orðið í kring um hann á næstu áratugum yrði margfaldur á við mannláusa virkjun.



Neðstu fossarnir í Hvalá í Ófeigsfirði sem myndu missa um tvo þriðju vatnsins ef af virkjun yrði. Mynd: Rakel Valgeirsdóttir.

Útbreiðsla lúpínu á miðhálandinu

Rannsóknir hafa sýnt að alaskalúpína (*Lupinus nootkatensis*) er ágeng tegund í mörgum íslenskum vistkerfum. Margar tegundir víkja í samkeppni við lúpínuna, einsleitni gróðurs eykst og ásýnd lands breytist. Samkvæmt reglugerð sem á sér stoð í náttúruverndarlögum er öll ræktun útlendra tegunda óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.



Fundarstaðir lúpínu á miðhálandi Íslands sumarið 2016.

Sumarið 2016 kannaði Landvernd útbreiðslu lúpínu á hálendi Íslands. Ekki er um tæmandi niðurstöður að ræða. Lúpína finnst víða á hálendinu, helst í kringum skála eða við virkjunarmannvirki. Það er þó ekki algilt. Þá fundust smáplöntur sem komið höfðu upp af fræjum á öllum fundarstöðum nema einum, sem staðfestir að tegundin þroskar lífvænleg fræ á hálendinu. Landvernd vinnur nú að aðgerðaáætlun til að stemma stigu við dreifingu tegundarinnar á miðhálandinu.



Angela Jauch starfsnemi vinnur að úttekt á lúpínu sumarið 2016. Mynd: Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Ályktanir Landverndar 2016-2017

Landvernd sendir reglulega frá sér ályktanir og fréttatilkygningar. Þeim er mörgum gerð skil annarsstaðar í ársskýrslunni í tengslum við tiltekin málefni. Hér fara aðrar ályktanir samtakanna á starfsárinu.

Drög að niðurstöðu rammaáætlunar

Aðalfundur Landverndar 2016 fagnaði þeim drögum verkefnisstjórnar rammaáætlunar að setja stór vatnasvið á miðhálandi Íslands í verndarflokk, en mótmælti því jafnframt að Skrokkalda færi í nýtingarflokk. Jafnframt harmaði aðalfundurinn að gengið væri á náttúruperlur á Reykjanesskaga og setti fyrirvara við flokkun virkjanahugmynda í neðrihluta Þjórsár í orkunýtingarflokk.

Lagaskylda til friðlýsinga verði virt

Aðalfundur Landverndar skoraði á umhverfis- og auðlindaráðherra að ljúka þegar í stað friðlýsingum svæða í verndarflokki rammaáætlunar og svæða sem friðlýsa ber samkvæmt lögum um vernd Mývatns og Laxár.

Ríkisstuðningur skilyrtur við sjálfbæra nýtingu

Aðalfundur Landverndar 2016 skoraði á Alþingi og ríkisstjórn að tryggja að ríkisstuðningur við sauðfjárrækt yrði skilyrtur við sjálfbæra nýtingu gróðurs og jarðvegs. Alþingi var einnig hvatt til að breyta löggjöf til að sporna við ósjálfbærri nýtingu beitilanda.

Fullgilding evrópska landslagssamningsins

Aðalfundur Landverndar 2016 skoraði á Alþingi og ríkisstjórn að fullgilda strax evrópska landslagssamninginn og staðfesta þar með vilja Íslendinga til að taka meira tillit til landslags og landslagsverndar við lagasetningu, stefnumótun, ákvarðanatöku, skipulag og áætlanagerð.

Kaupum ríkisins á Felli fagnað

Í janúar 2017 fagnaði Landvernd þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að kaupa jörðina Fell við Jökulsárlón. Samtökin hvöttu jafnframt nýja ríkisstjórn til að taka þessa ákvörðun skrefi lengra og gera Jökulsárlón og Breiðamerkursand að hluta Vatnajökulsþjóðgarðs.



Vegagerð um vernduð svæði

Nokkrar gerðir jarðmyndana og vistkerfa njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Sérstæðir birkiskógar, votlendi af ákveðinni stærð, leirur og sjávarfitjar eru dæmi um slík vistkerfi. Forðast ber að raska þessum náttúrufyrirbærum nema brýna nauðsyn beri til, og er þá átt við brýna almannahagsmuni.

Nýr vegur um Hornafjarðarfljót

Sveitarfélagið Hornafjörður veitti Vegagerðinni í desember sl. leyfi til að leggja nýjan veg um Hornafjarðarfljót, svokallaða leið 3B. Vegurinn fer m.a. um sjávarfitjar og leirur. Samkvæmt álitgerð Skipulagsstofnunar frá 2009 myndi önnur jafn örugg veglína, leið 1, valda minni umhverfisáhrifum, þó báðar raski vernduðum vistkerfum. Landvernd og Hollvinir Hornafjarðar kærðu því leyfisveitinguna til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem ekki hefði verið sýnt fram á brýna nauðsyn þess að fara leið 3B. Velja ætti skásta kostinn fyrir umhverfið.

Stytting Vestfjarðavegar

Breiðafjörður er verndaður með sérlögum og beinist verndunin m.a. að fjörum, leirum og sjávarfitjum. Í nóvember 2016 gaf Vegagerðin út frummatsskýrslu um nýjan Vestfjarðaveg milli Bjarkarlundar og Skálaness. Vegagerðin leggur til að svokölluð leið Þ-H verði valin, en hún myndi valda mun meiri umhverfisáhrifum en leið D2 – jarðgöng um Hjallaháls. Sú leið samrýmist einnig markmiðum með framkvæmdinni en er dýrari.

Álit Skipulagsstofnunar í mars sl. styður það mat Landverndar að Vegagerðin hafi ekki sýnt fram á brýna nauðsyn þess að velja leið Þ-H og raska þar með birkiskógi, votlendi, sjávarfitjum og leirum.

Horft yfir svæðið þar sem nýr vegur um Hornafjörð myndi taka land að austanverðu. Mynd: Ólafía I. Gísladóttir.



Starfsleyfi Thorsils kært

Landvernd og Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands kærðu útgáfu Umhverfisstofnunar (UST) á starfsleyfi fyrir kísilmálmverksmiðju Thorsil í Helguvík í september 2015. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi leyfið úr gildi í október 2016. Umhverfisstofnun gaf að nýju út leyfi í febrúar 2017 sem samtökin kærðu ásamt Ellert Grétarssyni í Reykjanesbæ og er úrskurðar beðið. Gjalda þarf varhug við frekari starfsleyfum á meðan málsmeðferð og rekstur kísilmálmverksmiðju United Silicon í Helguvík er til endurskoðunar.

Umhverfisáhrif

Margvísleg neikvæð umhverfisáhrif eru fyrirséð af starfsemi Thorsils í Helguvík, þ.m.t. stóraukin losun gróðurhúsalofttegunda, rýrnun loftgæða, neikvæð sjónræn áhrif og hávaði. Ekki er tekið nægilegt tillit til þessara þátta við leyfisveitingu UST og auk þess ekki gætt að samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar vegna loftslagsmála.

Verulegir ágallar á umhverfismati

Í umhverfismati voru hvorki metnir staðarvalkostir né svokallaður núllkostur, að byggja ekki verksmiðjuna, líkt og lög gera ráð fyrir. Ekki voru heldur metin áhrif verksmiðjunnar á nýtingu náttúru-auðlinda, þ.e.a.s. samvirk áhrif verksmiðjunnar, raforkuöflunar og lagningar háspennulína. Loks var ekki metinn sá kostur að verksmiðjan væri smærri í sniðum. Það vekur furðu þar sem ívilnanasamningur sá sem íslenska ríkið veitti Thorsil, auk samninga fyrirtækisins við Landsvirkjun um raforkukaup og um orkuflutning við Landsnet, gera allir ráð fyrir helmingi minni verksmiðju en þeirri sem UST veitti starfsleyfi fyrir. Að mati kæranda hefði Skipulagsstofnun átt að vísa frummatsskýrslu Thorsil frá vegna þessara ágalla. Ekki voru því forsendur til útgáfu starfsleyfisins.



Of stór orkunýtingarflokkur

Þingsályktunartillaga um vernd og orkunýtingu landsvæða, eða rammaáætlun, liggur nú fyrir Alþingi. Landvernd skilaði ítarlegum athugasemdum við tillöguna.

Hægja þarf á

Samkvæmt tillögu verkefnisstjórnar rammaáætlunar sem umhverfis- og auðlindaráðherra lagði óbreytta fram á Alþingi hefur orkunýtingarflokkur að geyma 1421 MW sem er svipað og tvær Kárahnjúkavirkjanir. Að mati Landverndar er þetta meira en nóg fyrir orkufyrirtæki að móða úr næstu árin.

Stór vatnsföll í verndarflokk

Landvernd fagnar því að Skjálfandafljót, Skaftá og Jökulsárnar í Skagafirði séu flokkaðar í verndarflokk, enda um stór og náttúrufarslega mikilvæg vatnasvið að ræða sem eiga upptök sín uppi á miðju hálandi Íslands. Landvernd hefur fært rök fyrir því að

Víðátta Sprengisands. Horft til Arnarfells hins mikla og Hofsjökuls.
Mynd: Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Hólmsá í Skaftárhreppi beri að setja í verndarflokk, enda var hún með fjórða hæsta verðmætamat í röðun faghópa rammaáætlunar.

Skortir á verndun samfelldra svæða

Að mati Landverndar tekur aðferðafræði rammaáætlunar ekki nægilegt tillit til stórra samfelldra svæða en gefur einstökum virkjunarhugmyndum – sem kljúfa slík svæði – of mikið vægi. Á þetta ekki síst við um miðhálandi Íslands. Þar leggur verkefnisstjórn rammaáætlunar og umhverfisráðherra til að ein lítill virkjun, Skrokkölduvirkjun á Sprengisandi, fari í nýtingarflokk. Landvernd hefur harðlega mótmælt þeirri hugmynd og bent á að mun meiri verðmæti séu fólgin í verndun miðhálandisins sem samfelldrar heildar í þjóðgarði. Svipuð rök gilda um Reykjanesfólkvang og Hengladali. Taka þarf aukið tillit til þessara þátta við röðun virkjanahugmynda í þingsályktunartillögu um nýja rammaáætlun.

Þjóðgarður á miðhálandinu

Tæp þrjátíu náttúruverndar- og útivistarsamtök, auk Samtaka ferðaþjónustunnar hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Verkefninu er stýrt af Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands með stuðningi Náttúruverndarsjóðs Pálma Jónssonar.

Myndefni af hálandinu og Arctic Circle

Hálendisverkefnið aðstoðaði nokkra erlenda aðila við gerð myndskreiða og heimildamynda um hálandið og vernd þess. T.d. birti breski hópurinn *This World Can* nýverið myndskreið um vernd hálendisins gegn virkjunum og stofnun þjóðgarðs. Verkefnið stóð einnig fyrir fjölsóttu málþingi um hálendisþjóðgarð á Arctic Circle ráðstefnunni í október 2016.

Þjóðgarðshugmynd rædd við sveitarfélög

Fulltrúar hálendisverkefnisins heimsóttu allmörg sveitarfélög sem fara með skipulagsmál á hálandinu og ræddu við þau um miðhálandisþjóðgarð. Var hugmyndinni víðast hvar ágætlega tekið. Í júní 2016 var Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtakanna,

skipaður í samstarfsnefnd umhverfis- og auðlindaráðherra sem fjallar um möguleikann á stofnun þjóðgarðs á svæðinu. Nefndin mun skila af sér haustið 2017.

Steinar Kaldal var verkefnisstjóri hálendisverkefnisins, en hann lét af störfum í janúar 2017.



Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, kynnrir sér hugmyndir um hálendisþjóðgarð í ágúst 2016 með framkvæmdastjóra Landverndar og fleirum.



Hugmyndasamkeppni um framtíð Alviðru

Á vordögum 2017 efndi Landvernd til hugmyndasamkeppni um framtíð jarðarinnar Alviðru í Ölfusi.

Jörðin hefur verið sameiginleg eign Landverndar og Héraðsnefndar Árnesinga frá 1. febrúar 1973 þegar ábúandinn Magnús Jóhannesson bóndi afhenti þeim jörðina til eignar. Jörðinni fylgja kvaðir um að ekki megi skipta henni upp undir sumarhús, en nýta má hana fyrir hefðbundinn búskap og til landgræðslu og náttúruverndar.

Hugmyndasamkeppnin, sem var öllum opin, snérist um hvernig best megi nýta Alviðru í þágu náttúru- og umhverfisverndar og þannig að óskir Magnúsar séu virtar. Óskað var eftir hugmyndum sem væru raunhæfar í framkvæmd og með sannfærandi rekstrargrunn. Sjö hugmyndir bárust og mun dómnefnd fjalla um þær og skila álitinu til stjórnar Landverndar.



Horft yfir Alviðru og Öndverðarnes. Mynd: Arthur Digbee.

Útgáfa Landverndar




Á grænni grein – Leiðarvísir um verkefnið Skólar á grænni grein

Í febrúar 2017 gaf Landvernd út handbókina *Á grænni grein – Leiðarvísir um verkefnið Skólar á grænni grein, sjálfbærni menntun og aðalnámskrá*. Höfundur er Katrín Magnúsdóttir starfsmaður Landverndar. Um er að ræða leiðbeinandi rit sem fjallar um sjálfbærni menntun, framkvæmd verkefnisins Skólar á grænni grein og tengingu þess við aðalnámskrá. Handbókin var unnin fyrir styrk frá Þróunarsjóði námsgagna.



Flokkun og viðgerðir á landskemmdum vegna utanvegaaksturs

Í maí 2017 gaf Landvernd í samstarfi við Landgræðslu ríkisins út leiðbeiningarit um flokkun og viðgerðir á landskemmdum vegna utanvegaaksturs. Þróuð hefur verið aðferðafræði til að meta ástand og alvarleika hjólfara og má m.a. nota hana til að forgangsráða viðgerðum. Höfundar eru Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Dr. Kristín Svavarsdóttir og Guðmundur Ingi Guðbrandsson. Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar, Íslandshotel, Nýsköpunarsjóður Pálma Jónssonar, Íslandshotel, Nýsköpunarsjóður Pálma Jónssonar og Dimmblá styrktu verkefnið.



The new Nordic education for sustainability

Í október 2016 var gefið út rit á vegum norræna tengslanetsins NVL (Nordiskt nätverk för vuxnas lärande) sem fjallar um norrænt samstarf í fullorðinsfræðslu um menntun til sjálfbærni. Landvernd er aðili að samstarfinu og hefur sl. tvö ár tekið þátt í námskeiðshaldi um sjálfbærni menntun. Í ritinu, sem Caitlin Wilson starfsmaður Landverndar ritstýrði, er saga menntunar til sjálfbærni á Norðurlöndunum rakin ásamt umfjöllun um kennslufræði námskeiðsins, reynslu þátttakenda af námskeiðinu og ytra mati um það.

Framfylgd Árósasamningsins á Íslandi

Árið 2011 fullgilti Ísland hinn alþjóðlega Árósasamning um aðgang að upplýsingum, rétt almennings til þátttöku í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð. Í ár gera íslensk yfirvöld öðru sinni grein fyrir framfylgd hans til sérstakrar eftirlitsnefndar. Árið 2014 skilaði Landvernd inn athugasemddum (skuggaskýrslu) við fyrstu skýrslu Íslands til eftirlitsnefndarinnar og sótti aðildarríkjafund samningsins. Þar gagnrýndu samtökin innleiðingu samningsins hérlendis.

Bæta þarf úr þekkingarskortri

Í athugasemddum Landverndar veturinn 2017 við aðra skýrslu Íslands vegna framfylgdar Árósasamningsins gagnrýndu samtökin m.a. að lítið væri gert til að bæta úr þekkingarskortri á samningnum í stjórnkerfinu, ekki aðeins almennings heldur einnig meðal lögmannna

og dómara. Landvernd gagnrýndi einnig stutta umsagnafresti, einkum ráðuneyta og Alþingis, og óskaði eftir að mótaðir yrðu verkferlar þar um.

Takmarkaður kæruréttur stenst ekki alþjóðasamninga

Íslensk lög uppfylla hvorki ákvæði EES- né Árósasamningsins um kærurétt umhverfisverndarsamtaka, þ.e.a.s. rétt þeirra til að bera undir dómstól eða annan óháðan aðila athafnir og athafnaleysi sem varða brot einstaklinga eða stjórnvalda á lögum um vernd náttúru og umhverfis. Þá er athafnaleysi stjórnvalda varðandi framkvæmdir sem hafa umtalsverð áhrif á umhverfið heldur ekki kærnanlegt. Þetta hefur Landvernd ítrekað bent á að standist ekki alþjóðasamninga.

Kærurétt vantar í lög

Í kjölfar skuggaskýrslu Landverndar 2014 hóf ESA, eftirlitsstofnun EFTA, rannsókn á kærurétti umhverfisverndarsamtaka hér á landi. Í maí 2016 birti ESA þá rökstuddu niðurstöðu sína að íslenska ríkið bryti á réttindum almennings og umhverfisverndarsamtaka. Um er að ræða síðasta stig samningsbrotamáls áður en kemur að málshöfðun ESA gegn íslenska ríkinu fyrir EFTA dómstólum.

Athafnaleysi sé kærnanlegt

Í niðurstöðu sinni krefst ESA þess að íslenska ríkið breyti lögum til að tryggja að almenningur og samtök hans geti leitað til óháðs úrskurðaraðila þegar um er að ræða athafnaleysi stjórnvalda í málum er varða framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Kæruréttur sé ekki undantekning

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið birti í mars 2017 drög að frumvarpi til þess að færa íslensk lög til samræmis við EES samninginn. Ráðherra lagði frumvarpið ekki fram á yfirstandandi þingi. Krefst Landvernd þess að ráðuneytið falli frá þeirri forsendu að kæruréttur umhverfisverndarsamtaka sé undantekning frá meginreglu, en sú nálgun stenst ekki athugasemdir ESA og meginreglur Árósasamningsins.

Kæruréttur sé viðtækari

Landvernd fer fram á að kæruréttur verði endurskoðaður og færður t.d. til meira samræmis við löggjöf í Danmörku þar sem hann tekur m.a. til áætlanagerðar en ekki eingöngu framkvæmda. Landvernd telur jafnframt afar brýnt að tryggja ákvæði Árósasamningsins um kærurétt á athöfnum og athafnaleysi vegna brota á landslögum er vernda eiga umhverfið. Þetta á m.a. við um lög um rammaáætlun, náttúruverndarlög og sérlög á borð við þau er gilda um Mývatn og Laxá.



Frá Langasjó. Mynd: Snorri Baldursson.



Rekstrarreikningur ársins 2016

Rekstrartekjur:	2016	2015
Árgjöld.....	31.041.635	11.635.982
Almennir styrkir.....	10.992.560	7.627.359
Verkefnatengdar tekjur og styrkir.....	45.910.202	49.796.196
Sérverkefni – tilfallandi.....		887.204
Umsýslu- og aðstöðugjald.....	5.578.956	6.168.651
Aðrar tekjur.....	2.343.392	478.187
	<u>95.866.745</u>	<u>76.593.579</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	24.320.491	12.010.886
Verkefnatengd gjöld.....	48.133.878	51.013.116
Sérverkefni – tilfallandi.....		5.271.488
Önnur rekstrargjöld.....	25.464.049	12.631.909
Afskriftir.....	378.871	193.188
Fjármagnstekjuskattur.....	112.637	240.083
	<u>98.409.926</u>	<u>81.360.670</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjármuna- og fjármagnsliði.....	(2.543.181)	(4.767.091)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Fjármunatekjur.....	1.344.479	1.927.333
Fjármagnsgjöld.....	(142.828)	(15.290)
	<u>1.201.651</u>	<u>1.912.043</u>
Hagnaður (halli) ársins.....	<u>(1.341.530)</u>	<u>(2.855.048)</u>

Efnahagsreikningur ársins 2016

Eignir:	2016	2015
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Jörðin Alviðra og Öndverðanes II.....	9.417.637	9.610.825
Áhöld.....		185.683
	<u>9.417.637</u>	<u>9.796.508</u>
Langtímakröfur:		
Verðbréfaeign Hússjóðs.....	18.882.539	18.095.029
Fastafjármunir alls.....	<u>28.300.176</u>	<u>27.891.537</u>
Veltufjármunir:		
Birgðir, bækur o.fl.....	680.000	680.000
Kröfur og fyrirfram greidd gjöld.....	12.431.916	15.150.879
Handbært fé.....	18.910.786	21.853.121
Veltufjármunir alls.....	<u>32.022.702</u>	<u>37.684.000</u>
Eignir alls.....	<u>60.322.878</u>	<u>65.575.537</u>
Skuldir og eigið fé:	2016	2015
Eigið fé:		
Eigið fé.....	50.920.654	52.262.184
Skuldir:		
Skammtímaskuldir:		
Skuldbindingar vegna móttækinnna styrkja.....	7.200.000	7.050.000
Ýmsar skammtímaskuldir.....	2.202.224	6.263.353
Skuldir alls.....	<u>9.402.224</u>	<u>13.313.353</u>
Skuldir og eigið fé, alls.....	<u>60.322.878</u>	<u>65.575.537</u>



Stiklur úr starfi Landverndar



Umhverfis- og auðlindaráðherra, Björt Ólafsdóttir, ásamt Varðliðum umhverfisins 2017. Mynd: Bergþóra Njála Guðmundsdóttir.

Varðliðar umhverfisins

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins er samstarfsverkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Landverndar og Náttúruskóla Reykjavíkur. Alls bárust sex verkefni í keppnina í ár. Nemendur 6. bekkjar Ártúnsskóla fengu verðlaun fyrir verkefnið Minna plast, sem fólst í samstarfi við Krónuna um að hvetja neytendur til að nota fjölnota poka. Nemendur í Lýsuhólsskóla á Snæfellsnesi fengu einnig verðlaun fyrir sýningu sem þau settu upp í Salthúsinu á Malarrífi um áttthaga sína og umhverfi.

Landvernd mótar stefnu um vindorku

Áhugi á því að virkja vindorku hefur aukist hér á landi. Víðerni, landslag og fuglalíf eru dæmi um umhverfisþætti sem vindorkuvirkjanir geta haft veruleg neikvæð áhrif á. Landvernd mótar nú leiðbeinandi stefnumörkun um þetta málefni. Hún beinist einkum að því að skilgreina hvar vindorkuvirkjanir ættu ekki að rísa en einnig má þar finna leiðbeiningar sem nýst geta sveitarfélögum vegna skipulagsgerðar.

Endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum

Í júní 2016 tók til starfa starfshópur á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis sem gert er að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum. Landvernd á fulltrúa í starfshópnum og hefur þar m.a. lagt áherslu á að ákvæði um að álit Skipulagsstofnunar gildi í tíu ár verði tekið út úr lögunum en þess í stað þurfi að tryggja að umhverfismat endurspegli ávallt nýjustu þekkingu á umhverfisáhrifum. Einnig hafa samtökin lagt til að óháður aðili vinni umhverfismatið.

Starfsfólk Landverndar og fylgifyiskar í Álftavatnkróki í ágúst 2016.



Fulltrúar Landverndar og WOW air við undirritun samstarfssamnings í febrúar 2017. Mynd: NN.

Farþegum WOW air boðið að styrkja Landvernd

Í febrúar 2017 undirrituðu Landvernd og WOW air samstarfssamning sem felst í því að flugfélagið býður flugfarþegum að styrkja samtökin með myntsöfnun um borð í vélum sínum. WOW air mun koma með mótframlag og jafna þá upphæð sem farþegar félagsins safna um borð. Landvernd hyggst nýta féð sem safnast til að efla stuðning við stofnun hálandisþjóðgarðs, vinna að landgræðslu, endurheimta birkiskóga og votlendi og til að efla þátttöku samtakanna í ákvarðanatöku um umhverfismál.

I SEE: Verkefni styrkt af Erasmusáætluninni

Landvernd og Menntaskólinn við Hamrahlíð ásamt aðilum frá Ítalíu, Finnlandi og Bretlandi hlutu Erasmus+ styrk til þriggja ára til að þróa og prufukeyra nýjar aðferðir í náttúrufræðikennslu. Fjallað verður um mikilvægustu málefni samtímans og framtíðarinnar, sérstaklega loftslagsbreytingar. Áhersla verður lögð á framtíðarsýn nemenda og getu þeirra til sjálfsákvörðunar og aðgerða.





LANDVERND
ICELANDIC ENVIRONMENT ASSOCIATION